

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 1108

**Dagsetning:** 14. apríl 2026 klukkan 8:30

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Bjarma Magnúsdóttir, leiðtogi fasteignaþjónustu, sat fundinn undir lið 3. Guðmundur Marínó Ingvarsson, deildarstjóri deildar rafrænnar þjónustu, sat fundinn undir liðum 5 og 6. Elín Eiríksdóttir vefstjóri sat fundinn undir lið 6. A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 8.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 7. apríl 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

### 3. Skipulag skrifstofu

Bjarma Magnúsdóttir, leiðtogi fasteignaþjónustu HH, kom á fundinn og fór yfir skipulag skrifstofu í Álfabakka 16. Framkvæmdastjórn samþykkti nýja uppröðun á skrifstofunni.

### 4. Persónuverndarmál

Umræða um stöðu mála tengt persónuvernd og helstu verkefni framundan. Sérfræðingur sem HH hefur fengið til að aðstoða með persónuverndarmál stofnunarinnar mun skila lista á næstu vikum um stöðu helstu verkefna sem hafa verið í vinnslu. Ákveðið var að ræða málið aftur þegar það verður komið og forgangsraða verkefnum. Framkvæmdastjórn telur mikilvægt að byggja áfram upp þekkingu í persónuverndarmálum innan stofnunar og er aukið stöðuhlutfall persónuverndarfulltrúa stofnunarinnar liður í því.

### 5. Heyrnar- og talmeinstöð

Guðmundur Marínó Ingvarsson, deildarstjóri deildar rafrænnar þjónustu, og Elín Eiríksdóttir vefstjóri komu á fundinn. Rætt var um stöðu yfirfærslu á starfsemi Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands til HH. Ákveðið hefur verið að einingin muni heita Heyrnar og talmeinstöð. Upplýst var að ýmsar áskoranir tengt bókhaldi og sjúkraskrárgrunni eru í vinnslu.

## 6. Upplýsingatækni

Guðmundur Marínó Ingvarsson, deildarstjóri deildar rafrænnar þjónustu, kom á fundinn og kynnti áform um breytingar á fundarbúnaði í helstu fundarherbergjum á skrifstofu HH. Markmiðið er að einfalda fundarhald og námskeið. Þá var rætt um tölvukerfið Zendesk sem nú er í innleiðingu og mun leysa af eldra beiðnakerfi og önnur kerfi auk þess sem það er notað til að halda utan um skráningu á námskeið hjá HH. Framkvæmdastjórn óskaði eftir frekari kynningu á kerfinu síðar.

## 7. Frammistöðumat

Kynnt var nýtt og endurskoðað ferli tengt starfsmannasamtölum. Eldra fyrirkomulag verður lagt til hliðar og nýtt tekið upp frá 1. janúar 2027. Lagt er upp með þrískipt mat á frammistöðu starfsfólks. Unnið verður að innleiðingu á yfirstandandi ári. Þar til nýtt kerfi verður tekið í notkun verður bilið brúað með tveimur óformlegum ársfjórðungslegum samtölum. Kynning fyrir stjórnendur er áformuð á næsta stjórnendafundi og verður fyrirkomulagið kynnt fyrir starfsfólki í byrjun árs 2027.

## 8. Ársfundur HH

A. Þór Þórsson mannauðráðgjafi kom á fundinn og fór yfir dagskrá ársfundar HH þann 21. maí 2026.

### Aðgerðir og verkefni

- Upplýsa þarf starfsfólk um breytt skipulag skrifstofu, sjá lið 3.  
Ábyrgð: HP
- Færa þarf utanumhald um persónuverndarmál nær skrifstofu forstjóra, sjá lið 4.  
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf áfram að flutningi HTÍ til HH, sjá lið 5.  
Ábyrgð: SDM, HP, KBM
- Vinna þarf að innleiðingu frammistöðumats, sjá lið 7.  
Ábyrgð: KBM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:45.